

## 21. þing KLÍ

### 1. Þingsetning

Formaður KLÍ Þórarinn Már Þorbjörnsson opnaði þingið og bauð alla velkomna setur þingið kl 18:00. Fór yfir dagskrá þingsins ásamt því hvernig gangur og framsetningu mála er á þinginu. Mínútu þögn var til minningar um þá keilara sem féllu frá á árinu.

### 2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins:

Formaður leggur fram tillögu til þingsins um að fastir starfsmenn þingsins yrðu

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir (Beggó) - þingforseti

Guðrún Soffía Guðmundsdóttir – þingritari

Tillaga samþykkt af þinginu

### 3. Nefndir á 21. Þingi KLÍ

#### Kjörbréfanefnd

Tillaga um nefndarmenn:

Dagný Edda Þórisdóttir

Hannes Jón Hannesson

Skúli Freyr Sigurðsson

Tillaga samþykkt nefnd tekur til starfa

#### Fjárhagsnefnd

Tillaga um nefndarmenn:

Jón Grímsson

Valgeir Guðbjartsson

Arnar Ólafsson

Tillaga samþykkt

#### Laga og leikreglanefnd

Tillaga um nefndarmenn:

Ásgímur Helgi Einarsson

Hafþór Harðarson

Andrés Haukur Hreinsson

Magnús Reynisson

Ingi Geir Sveinsson

Tillaga samþykkt

#### Allsherjarnefnd

Tillaga um nefndarmenn:

Viktor Davíð Sigurðsson

Sigríður Klemensdóttir

Þorleifur Jón Hreiðarsson

Einar Jól Ingólfsson

Tillaga samþykkt með þeirri breytingu að bæta við odda manni í hóp Linda Hrönn Magnúsdóttir gaf kost á sér.

## **Kjörnefnd**

Tillaga um nefndarmenn:

Unnur Vilhjálmsdóttir

Jóhann Ágúst Jóhannsson

Höskuldur Þór Höskuldsson

Tillaga samþykkt

## **4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína**

Formaður KLÍ fór yfir stiklaði á stóru úrskýrslu síðastliðins starfsár. Skýrslan er í heild sinni í útgefinni ársskýrslu KLÍ.

## **5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar**

Gjaldkeri KLÍ Jón Grímsson fór yfir framlagða ársreikninga. Ársreikningur var lagður fram til samþykktar.

## **6. Opnað fyrir athugasemdir vegna skýrslu stjórnar og reikninga**

Ásgrímur Helgi Einarsson kom með eina athugasemd varðandi ársreikning. Hver staðan væri, hærri eða lægri, á liðnum óinnheimtar tekjur í dag.

Gjaldkeri svarar því til að nokkuð sé innheimt af útistandandi skuldum við keilufélögin í dag og þau væru flest nálægt því að vera skuldlaus.

## **7. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár**

Formaður KLÍ leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár einnig lagði hann fram þá beiðni til þingsins að fjárhagsáætlun sé vísað til nefndar. Þingforseti leggur til að áætlun verði merkt þingskjal númer 1 og sé vísað til fjárhagsnefndar. Tillaga samþykkt.

## **8. Ávarp gesta**

Þingforseti lagði til að bæta við þessum lið þar sem hann væri yfirleitt í öllum dagskrám. En það er hefð fyrir því að fulltrúar frá framkvæmdastjórn ÍSÍ mæti til að fylgjast með þeim ársþingum sem fara fram. Þingforseti bauð Friðrik Einarsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ og formann Ólympíusvið að ávarpa þingið. Friðrik fór yfir og þakkar fyrir flotta ársskýrslu frá KLÍ og leggur áherslu á að það skiptir miklu máli að leggja metnað í sögu og ritun hennar eins og gert var. Einnig ánægjulegt að sjá að reksturinn er góður tekjur hafa verið að aukast meira en gjöld. Öll þessi merki sýna að það sé vel haldið utan um reksturinn. Friðrik hrósar stjórn KLÍ fyrir gott utanumhald og flottan rekstur. Friðrik var einnig ánægður með það að afrekstefna liggja nú fyrir þinginu jákvætt að við séum að innleiða hana inn í íþróttina. Metnaður flottur. Farið var yfir að á næsta ári verða haldnir Smáþjóðleikar hér á Íslandi. Fljótlega verður farið að auglýsa eftir sjálfboðaliðum en það vantar um 1200 einstaklinga til að aðstoða. Friðrik hvatti alla til að taka þátt og eða hvetja aðra í kringum okkur til að taka þátt. Bæði gefandi og skemmtilegt starf en leikarnir standa yfir í eina viku.

Í lok þá minnti Friðrik alla á að klára útfyllingu á starfsskýrslum fyrir mánudag til að komast hjá leikbönum. Að lokum þakkar Friðrik stjórn KLÍ fyrir gott samstarf á árinu.

## **9. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið**

Undir þessum lið eru stefnur og reglugerðabreytingar lagðar fram skráðar og sendar fyrir nefnd.

Afreksstefna KLÍ lögð fram send fyrir Alsherjarnefnd merkt þingskjal 2

Reglugerðarbreytingar sem lagðar voru fram voru:

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót unglunga merkt þingskjal 3

Reglugerð Íslandsmót einstaklinga merkt þingskjal 4

Reglugerð um keilumótmerkt þingskjal 5

Reglugerð Íslandsmót Einstaklingamerkt þingskjal 6

Reglugerð um keilumótmerkt þingskjal 7

Reglugerð um skráningu skors merktþingskjal 8

Reglugerð um Íslandsmót félaga merkt þingskjal 9

Reglugerð um Íslandsmót liða merkt þingskjal 10

Reglugerð um Íslandsmót liða deildarkeppni sem snýr að kvenna merkt þingskjal 11

Lögð var sú tillaga af þingforseta til þingsins að vísa ofangreindum breytingum á reglugerðum til umfjöllunar og meðferðar hjá laga- og leikreglnanefnd. Sú tillaga var samþykkt.

## **Kjörbréfanefnd tekur til máls**

Formaður kjörbréfanefndar Dagný Þórisdóttir fer yfir skipun þingfulltrúa.

Fulltrúar eru frá 5 félögum

ÍFH 4 fulltrúar mættir en þeir eiga rétt á að hafa 5 fulltrúa.

ÍR 11 fulltrúar allir mættir

KFR 7 fulltrúar allir mættir

KR 3 fulltrúar mættir en þeir eiga rétt á að hafa 5 mættir

ÍA 5 fulltrúar allir mættir

Héraðssambandið 1 mættur en þeir eiga rétt á að hafa 3 fulltrúa.

Samtals 31 fulltrúi mættur

Kjörbréfanefnd lætur af störfum.

## **10. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar**

Engar aðrar tillögur eða engin önnur mál hafa borist

## **Þinghlé 20 mín**

## **11. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær**

### **Fjárhagsnefnd**

Formaður fjárhagsnefndar tekur til starfa Valgeir Guðbjartsson. Fer yfir smávægilegar breytingar á skjali. En tölur undir liðunum endurmetinn áætlun 14 2.614.820 breytist liðurinn tekjur vegna móta erlendis í 2.677.820 samtala breytist þá í 16.677.820 liður kostnaður vegna móta erlendis verður 6.428.140 samtala undir gjöld 15.748.140. Tekjur umfram gjöld 929.680.

Áætlun 2015 tekjur vegna móta erlendis fer í 2.640.000 kostnaður vegna móta erlendis 7.604.770 samtala í tekjum 17.240.000 samtala í gjöldum 17.224.770 tekjur umfram gjöld verður 15.230.

Nefnd hefur lokið störfum

Opnað fyrir umræðu um fjárhagsáætlunina.

Þórarinn Már spyr út í breytingar sem voru gerðar á fjárhagsáætlun. Svör komu frá nefndinni að breytingar voru gerðar af þeim sökum að það var copy/paste villa í skjalinu þess vegna voru tölur rangar.

### **Alsherjarnefnd**

Formaður alsherjarnefndar Víktor Davíð kom upp og fór yfir athugasemdir á stefnu.

Breytingarnar voru:

Undir liðnum stefna að bæta inn í bullet 3 orðinu amk á undan ársfjórðungslega

Undir sama lið bullet 4 að strika út og gangvart landsliðsþjálfara og bæta í undirpunkt þar (bullet 1 glær) landsliðsþjálfari sem fyrsta orð á undan sé.

Næsta breytinga var bullet 2 glær undir 4 bulletinu strika út hitt og bæta þar inn þjálfararfélagi og í sama bullet að bæta hittist amk fyrir framan tvisvar.

Undir liðnum mælikvarða undir lið 2 þar sem stendur meðaltal bæta við í mótum KLÍ og strika út a og b.

Einnig í þeim kafla bls 3 að bæta við síðustu setningu í þeim kafla með samþykki landsliðsnefndar á eftir hópnum.

Undir kaflanum færni að taka setninguna keppniskilningu og hugarfar og gera það sem neðsta punkt undir 14 ára og eldri

Umræða um breytingar á stefnunni

Breytingar á b bullet 3 – samþykkt

Breytingar á bullet 4 – samþykkt

Breytingar á bullet 1 glær sem er undir bullet 4 – samþykkt

Breytingar á bullet 2 glær – sem er undir bullet 4 -samþykkt

Bls 2 undir mælikvarðar nr. 2 meðaltal strika út a og b ný breyting að miða við alsherjarmeðatal KLÍ í stað meðaltal – verður geymt þar til við vitum hvernig reglugerð fer.

Bls 3 bæta við í 4 mlsgrbæta við seinustu setningu með samþykki landsliðsnefndar. Breyting samþykkt.

Bls 4. Seinasta setning á bls að bætist undir 14 ára og eldri sem glær bolla. Breyting samþykkt

Alsherjarnefnd lýkur störfum breytingar voru samþykktar ein athugasemd var geymd verður tekin fyrir seinna á fundinum.

Laga og reglunefnd rauk aftur fram þingforseti gekk fram og tilkynnti þeim um það að þeir hefðu 3 mín til að koma sér inn aftur ef þau tímamörk yrðu ekki virkt þá yrði öllum reglugerðarbreytingum vísað yfir til stjórnar KLÍ og færi síðan í farveg þaðan til formannafundar. Laga og reglugeðrar nefndin skilaði sér innan tíma.

Laga og leikreglnanefnd tekur til starfa.

Formaður Ásgrímur Helgi Einarsson tók til máls.

### **Þingskjal 3 lagt fyrir**

Breytingar tillaga kom á því að í

3. gr

Myndi vera fækkað úr 18 leikjum í 12 í 1 og 2 flokki spilaðir 4 í senn og í 8 í 3,4 og 5 flokki spilaðir 4 í senn. Einnig að strika út breytingu í 2. Grein þar sem 6 flokk hefur verið bætt við og í lok 3 gr. Þá strika út nýja tillögu og hafa í 5 flokki fá allir keppendur gull.

Að fækka leikjum og spila 4 í senn var samþykkt

Aðrar breytingar ræddar fram og tilbaka þó sérstaklega fannst þinginu þetta ekki samræmast stefnu ÍSÍ um að krýna ekki svona unga Íslandsmeistara og sú stefna er einnig til endurskoðunnar um það að aldurinn veðri 11 ára. Margar skoðanir voru á lofti. En á endanum þá var kosið breytingar tillaga var felld með 14 gegn 11. Samþykkt var að fella út 6 flokk og stirkaút næst síðustu málg og eftir stendur 5 flokkur og 10ár og yngri fá allir gull samþykkt.

#### **Þingskjal 4 lagt fyrir**

Reglugerð um KLÍ um Íslandsmót Einstaklinga

Að bæta inn í 2.gr í fyrstu málgrein á eftir neikvæð, en forgjöfin veður þó aldrei hærri en 64 pinnar. Breytingartillaga samþykkt eitt atkvæði var á móti.

#### **Þingskjal 5 lagt fyrir**

Reglugerð KLÍ um keilumót

Nefndin lagði fram tillögu um að vísa breytinum til stjórnar til betri umfjöllunar og skoðunar – sú tillaga var samþykkt af þinginu.

#### **Þingskjal nr 6**

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga

Var dreginn tilbaka af KFR í nefndinni.

#### **Þingskjal nr 7 lagt fyrir**

Tillaga um nýja grein 25.gr Leikmanni er einungis er heimilt að hafa 6 keilukúlur í gryfju á sama tíma. Lagt til að vísa til stjórnar KLÍ til frekari umfjöllunar það vantar með þessu skilgreiningu á því hvað er gryfja hvar byrjar hún og endar í öllum sölum. Tillaga samþykkt af þinginu.

Einnig vill Valgeir vísa til stjórnar að hætt verði að nota orðið gryfja og nota orðið leikmannasvæði í staðinn.

#### **Þingskjal 8 lagt fyrir**

Reglugerð KLÍ um skráningu skors.

Breytingum var hafnað í nefnd 4 á móti 1.

Miklar umræður fóru í gang vegna tillögunnar um það hver væri tilgangur og hvers vegna ætti að breyta. Skilningur var misjanf.

Tillaga var feld í nefnd og tillaga feld í kosningu á þingi.

Hér kom þingforseti með tillögu til stjórnar KLÍ um að með breytingum um laga og reglugerðir séu alltaf skriflegar greinagerðar lagðar fram til þess að allir geti verið búnir að kynna sér og skilji hverju og hvers vegna sé verið að breyta. Það er nauðsynlegt að þetta sé fyrirkomulag sem verði komið í gagn fyrir næsta þing vegna allra mála. Þetta einfaldar yfirferð og breytingar.

### **Þingskjal 9 lagt fyrir**

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót félaga

Tillaga sem lá fyrir þinginu var felld í nefndinni. Þar lagði KR fram aðra tillögu sem var veruleg breyting á öllu formi félagakeppninar. Ný tillaga var lesinn upp. Athugasemdir voru gerðar við það að þetta væri það mikil breyting og mikil lesning að ekki væri mögulegt fyrir þingið að taka afstöðu til þeirra þar sem ekki væri hægt að sjá alla þætti þegar svona stór breytingar tillaga er einungis lesinn og liggur ekki fyrir skriflega.

Á þessum tíma ítrekaði þingforseti aftur hversu nauðsynlegt það sé að láta greinagerðir fylgja með.

Breytingartillaga frá KR borin fram tillaga var felld.

Þá kom til umræðu upphafleg breytingar tillaga frá KFR hún hafði verið samþykkt í nefnd 3/2

Tillaga lögð fram og var samþykkt af þinginu.

### **Þingskjal 10 lagt fyrir**

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót

Breytingartillaga lög fyrir af Hafþóri og Ásgrími

Að spilaði verði í 3 manna liðum - leiknir 3 leikir maður á mann -útilið róterar á milli. Alls verð 17 stig í viðureign.

Tillagan kom samþykkt úr nefnd 3 á móti 2.

Lagt fyrir þingið og samþykkt.

Þá átti að taka afstöðu til annara breytinga í upphaflegu skjali. Kom þá fram að ef þær eru allar samþykktar þá myndi þessi samþykkt falla um sjálf sig. Þingið samþykkir að geyma þessa tillögu og fara fyrst í þingskjal nr 10 klára það og leggja svo fyrri aftur nýja tillögu.

Tillagan upprunalega þingskjal nr. 10

1.gr. að breyta úr 4 manna liðum í þriggja manna lið í efstudeild karla

Umræða um af hverju 3 manna lið. Skoðanir misjafnar. Lagt fyrir þingið til kosninga breytingar tillaga samþykkt af þinginu. Þar sem þessi breyting var samþykkt þá þarf að leggja aftur fyrir breytingar tillöguna útkoman var þá þannig að þingskjal nr 10 spilað verður í 3 manna liðum var samþykkt og ný breytingartillaga á öðrum liðum var samþykkt.

### **Þingskjal 11 lagt fyrir**

Deildarkeppni kvenna

Tillaga var samþykkt 5-0 úr nefnd

Breytingar tillaga kom frá Sigríði Klemensdóttur um að vísa til þessari reglugerðu til stjórnar tillögu um að hafa kvennadeild eins og karladeild mikilvægt að hafa fyrirkomulag eins og í efstu deildum karla og kvenna.

Tillaga samþykkt af þingi

Fram kom þó athugasemd frá þingmönnum um það að ekki væri upphafleg breytingartillaga tekin til afgreiðslu. Þar sem fram kom í upphafi tillaga frá SK þar sem farið var fram á að vísað væri til stjórnar að taka afstöðu til þess að leikfyrirkomulag væri eins í 1 deild kvenna og karla. Tillaga breyttist þó frá því að vera lesin þar til hún var skrifuð í að vísa reglugerð til stjórnar en ekki leikfyrirkomulagi. Tillaga

sem lá fyrir var þá ekki afgreidd og taldi þó nokkur hluti af þinginu að þeir hafi ekki verið að kjósa um að vísa allri breytingunni til stjórnar. Þingforseti neitaði að taka upphaflegu tillöguna til kosningar.

Mál sem beðið var með fyrr frá fundinum frá alsherjarnefnd

Breyting á bls 2 í afreksstefnu mælikvarðar nr. 2 meðaltal strika út a og b.

Tillaga er sú að þar sem það er bara skráð eitt meðaltal í mótum KLÍ en ný tillaga kom frá Hafdísí og Áka að það myndi standa meðaltal í mótum samþykktum af KLÍ en sú tillaga var dreginn tilbaka eftir umræðu.

Umræðavar þó um hver væri tilgangur meðaltals.

Breytingar tillaga frá alsherjarnefnd var felld og mun greinin standa óbreytt.

## 10. Önnur mál

Dagný Þórisdóttir leggur fram símskeyti frá landsliðsþjálfara kvenna tillögu um að hætta að setja ártöl á eignagripí og verðlaunapeninga þannig hægt sé að endurnýta verðlaunagripí. Þeir sem vilja ekki safna medalíum eða bikurum geta þá gefið þá til baka síðan er keypt inn í ef einhverjir vilja eiga sína gripí.

Jóhann Ágúst Jóhannsson

Vildi fá tækifæri til að fara yfir mál sem hafa nú komið upp í annað sinn á 3 árum og að skuggi hefur fallið á okkar mót. Leggur til að við ættum að reyna að læra af þessari reynslu og gera hlutina betur. Rétt skal vera rétt, lög og reglur til að fara eftir þeim en það má gera athugasemd við það að farið er í kúlutékk í miðri úrslitakeppni. Engar athugasemdir við það hvað eða hvernig þetta mál var en hvernig lærum við af þessu og horfum áfram. Við verðum að horfa til framtíðar hvað getum við gert til að læra af þessum málum.

Tillaga frá Jóa til Stjórnar KLÍ að henni sé gert að setja reglur um formfastara orðalag að allir séu settir í kúlutékk í byrjun úrslitakeppni og að í úrslitakeppnum séu dómárar.

Tillaga og vísað til stjórnar: Ársþing KLÍ samþykkir að stjórn KLÍ skipi nefnd sem skuli móta, semja og kynna keilurum með sannarlegum hætti reglur fyrir úrslitakeppni í íslandsmóti karla- og kvennaliða í keilu sem taki gildi fyrir úrslitakeppni árið 2015. Tryggt skal að öll aðildarfélög klí hafi kost á að skipa sinn fulltrúa í nefndina.

Kynnt fyrir þinginu en er ekki til umræðu en þingið samþykkir að tillaga fari til stjórnar til vinnslu.

Fyrir hönd mótanefndar leggur Andrés fram grófa áætlun um leikáætlun fyrir næsta vetur. Skýringar á skjalinu blátt leikdagar, gult evrópumótið, grænt er meistarakeppni og íslandmótin, létt blár eru úrslitaleikir og rautt eru mögulegir leikdagar í bikar- og félagakeppnum. Stytting á tímabili er þá um 2 til 3 vikur.

## 11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttahring ÍSÍ

Kjörnefnd tekur til starfa Unnur formaður – Kjörbréfanefnd aðstoðarvið talningu.

Fyrst á dagskrá er að kjósa um formann í framboði eru Þórarinn Már Þorbjörnsson og Ásgrímur Helgi Einarsson.

Talin voru 28 atkvæði sem féllu svo

Ásgrímur 12

Þórarinn 15

Autt 1

Þórarinn var kosinn formaður.

Kosning í stjórn í framboði voru

Theódóra Ólafsdóttir

Höskuldur Þór Höskuldsson

Viktor Davíð Sigurðsson

Kosið eru um tvo til tveggja ára og einn til eins árs

Höskuldur og Viktor buðu sig fram til tveggja ára og Theódóra til eins ár.

Ekki kom mótframboð kosin með klappi þingmanna.

Varamenn

Í framboði voru

Guðmundur Jóhann Kristófersson

Karenina Kristín Chiodo

Jóhann Ágúst Jóhannsson

Kjörnefnd tók ákvörðun um að númera frá 1 og upp í 3 og þau raðist eftir því sem varamaður 1, 2 og 3.

Útkoma úr kosningu var sú að

Jóhann er fyrsti varamaður

Guðmundurer annar varamaður

Karenina er þriðji varamaður

Kosningarnefnd lýkur störfum

## **12. Kosnir tveir skoðunarmenn**

Tillaga um að kjósa

Guðni Steinar Gústafsson

Sirrý Hrönn Haraldsdóttir

Til vara:

Pétur Helgason

Hjalti Ástbjartsson

Tillaga samþykkt kosin með samþykki þingsins.

Þingforseti þakkar fyrir sig og lætur af störfum

## **13.Þingslit**

Formaður þakkar fyrir sig þakkar þingmönnum fyrir þingið þakkar starfsmönnum þingsins fyrir störfin og slítur þingkl 10:30



## Viðauki 1

Þingforseti, ágætu þingmenn (konur líka)

Ég kem hér upp vegna atviks sem varð í úrslitakeppni KLÍ nú fyrir þremur vikum eða svo. Í annað sinn á nokkrum árum verður uppákoma í úrslitakeppni karla á þann veg að henni er hleypt upp í ósætti og deilur. Með því fellur skuggi á annars ágæt mót þar sem öll lið og allir liðsmenn gera sitt besta yfir leiktímabilið, íþróttinni til sóma.

Það sem ég vil ræða og leggja til er að við reynum að læra af þessari reynslu og búa svo um hlutina að við getum haldið Íslandsmót með sóma, alla leið.

Eftir þeim upplýsingum sem ég hef langar mig að gera athugasemd við eftirfarandi og leggja fram tillögu sem ætti að stuðla að betri framkvæmd við úrslitakeppni karla og kvenna í keilu.

Sú aðgerð að mæta og gera athuganir á keilukúlum keppenda eftir 1. umferð og í byrjun 2. umferðar finnst mér persónulega mjög röng, hvort sem ástæða til athugunar hafi verið rétt eða röng. Vissulega þarf að huga að því að leikmenn, búnaður og aðstæður sé eins og lög og reglur kveða á um. Rétt skal vera rétt og á það við um allt og alla. Það hinsvegar að koma inn með þessum hætti þegar keppni er hafin raskar stöðu manna og skapar óþægindi. Sér í lagi gegn þeim sem kvörtunin beinist að. Að því leiti finnst mér svona framkvæmd virkilega röng í alla staði þ.e.a.s. inni í miðri keppni. Nefnt hefur verið að það að athuga kúlur sé líkt og lyfjaathugun, á að geta verið framkvæmdt án fyrirvara. Er ég sammála því í grunninn en þá þarf sú athugun að eiga sér stað oftast heldur en bara í miðri úrslitakeppni.

Að öðru leiti ætla ég ekki að fara að rekja einstök atriði í þessari uppákomu enda er hún nógu leiðileg eins og hún var. Það sem er búið og gert er búið og gert.

Mig langar til að horfa inn í framtíðina og spyrja mig og ykkur, hvernig getum við gert betur? Hvernig getum við reynt að tryggja áfallalaus keppni þar sem skorið er úr um það hver er bestur í það sinnið skv. þeim reglum sem við setjum okkur?

Því legg ég fram tillögu á þessu ársþing þess efnis að stjórn KLÍ verði farið að móta, setja og kynna reglur fyrir úrslitakeppni Íslandsmeistaramóts karla- og kvennaliða í keilu sem taki gildi fyrir úrslitakeppnina árið 2015. Ef menn meta það svo að þessar reglur þurfi að fara inn í viðkomandi reglugerð KLÍ þá verði það gert á næsta þingi skv. lögum. Ég er þó þeirrar skoðunar að ef þetta þing samþykkir þessa tillögu og almenn sátt er um hana þá geti hún vel átt við um næstu úrslitakeppni.

Ég legg ekki til nákvæmt orðalag í þessa reglu enda er eflaust betra að fleiri en einn komi að þeim smíðum. Mig langar samt að nefna að reglurnar gætu verið á þann veg að í upphafi úrslitakeppninnar verði leikmönnum liða sem keppa skylt að mæta með keppniskúlur sínar áður en 4 liða úrslit hefjast. Skulu þær þá skoðaðar/mældar, skráðar og vottaðar af a.m.k. þrem óháðum aðilum með til þess gerða þekkingu. Skal keppendum gefinn kostur á úrbótumsé þess þörf.

Einnig legg ég til að á hverju setti í úrslitakeppni karla og kvenna skuli vera dómari með til þess gerð réttindi sem taki á málum komi þau. Held að reynslan sýni fram á þörfina.

Rætt hefur verið um að koma aftur dómurum á alla deildarleiki í Íslandsmóti og verði það svo þá leysist þetta síðarnenfdahjá mér. Ef það verður hinsvegar ekki þá held ég að við ættum samt að tryggja góða dómgæslu í úrslitakeppninni.

Tillagan sem ég legg því fram fyrir Ársþing KLÍ 2014 hljóðar svo:

-----  
Reykjavík 27. maí 2014

Ársþing Keilusambands Íslands (KLÍ) 2014 samþykkir að stjórn KLÍ skipi nefnd sem skuli móta, semja og kynna keilurum með sannarlegum hætti reglur fyrir úrslitakeppni í Íslandsmeistaramóti karla- og kvennaliða í keilu sem taki gildi fyrir úrslitakeppnina árið 2015. Tryggt skal að öll aðildarfélög KLÍ hafi kost á að skipa sinn fulltrúa í nefndina.

-----  
Að lokum vil ég ítreka að það sem er búið og gert er búið og gert. Við græðum lítt á því að horfa í baksýnispegilinn nema við nýtum tækifærið til að læra af því sem við höfum gert. Nú er tækifæri. Grípum það.

Takk fyrir...

Jóhann Ágúst Jóhannsson

ÍR – Broskarlar